



14.07.2026

**Bæjarráð - 24982498. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 14. júlí 2026
og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Kristján Jón Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Baldur Smári Einarsson, Þorbergur Haraldsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson og Kristinn Gauti Einarsson.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, staðgengill bærarstjóra

Dagskrá:

1. Tímalína Bæjarráðs 2026 - 2606050

Lagt fram uppfært yfirlit yfir helstu mál og verkefni sveitarfélagsins. Tímalínan er innra vinnuskjal sem ætlað er að styðja við áætlanagerð, forgangs röðun verkefna og yfirsýn bæjarráðs yfir stöðu mála hverju sinni.

Lögð fram uppfærð tímalína helstu verkefna sveitarfélagsins. Bæjarráð ræddi stöðu mála og tekur tímalínuna til kynningar.

2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2026 - 2606041

Lagður fram viðauki nr. 06 við fjárhagsáætlun 2026 vegna innleiðingar byggingarleyfakerfis Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS). Innleiðingin kallar á uppsetningu X-Road (Straum) tengingar og tengingar við OneSystems málaskrárkerfi sveitarfélagsins ásamt nauðsynlegri hýsingu, viðhaldi og þjónustu. Heildarkostnaður við verkefnið á árinu 2026 nemur kr. 903.120, þar af kr. 516.650 vegna innleiðingar og uppsetningar tenginga og kr. 386.470 vegna hýsingar-, viðhalds- og þjónustugjalda frá ágúst til ársloka. HMS gerir ráð fyrir að sveitarfélög hafi lokið innleiðingu kerfisins fyrir árslok 2026 og er viðaukanum ætlað að mæta þeim kostnaði sem af verkefninu hlýst á árinu.

Lagður fram viðauki nr. 06 við fjárhagsáætlun 2026 vegna innleiðingar byggingarleyfakerfis Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), X-Road tengingar og tengingar við OneSystems málaskrárkerfi sveitarfélagsins. Viðaukinn gerir ráð fyrir hækkan útgjalda að fjárhæð kr. 903.120 á árinu 2026.

Bæjarráð samþykkir viðaukann.

Samkvæmt 32. gr. samþykktar um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar fer Bæjarráð með sömu heimildir og bærarstjórn meðan bærarstjórn er í sumarleyfi.

3. Framkvæmdir 2026 - 2606040



14.07.2026

Lögð fram greinargerð um stöðu framkvæmdaáætlunar sveitarfélagsins árið 2026 og fyrstu niðurstöður áhættumats. Í greinargerðinni er farið yfir samanburð á samþykktri framkvæmdaáætlun og núverandi stöðu verkefna, þar á meðal verkefni sem bæst hafa við á árinu. Jafnframt er lögð fram sviðsmyndagreining sem sýnir áhrif mögulegrar kostnaðaraukningar um 10% og 20% frá núverandi kostnaðarmati. Tekið er fram að um vinnuskjal sé að ræða og að unnið sé að frekari gagnaöflun um kostnað, umfang og framvindu einstakra verkefna.

Lagt fram vinnuskjal um stöðu framkvæmdaáætlunar sveitarfélagsins árið 2026. Bæjarráð tekur vinnuskjalið til umræðu og felur staðgengli bæjarstjóra að vinna málið áfram og leggja fram uppfærða samantekt þegar frekari gögn liggja fyrir svo hægt sé að fylgjast með að framkvæmdir séu innan fjárheimilda ársins.

4. Upplýsingar um nýjar framkvæmdir og sjálfbær umsvif í vatnaáætlun 2028-2033. - 2607006

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og orkustofnun þar sem óskað er eftir upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir og sjálfbær umsvif á tímabilinu 2028-2033 vegna endurskoðunar vatnaáætlunar.

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og orkustofnun vegna endurskoðunar vatnaáætlunar 2028-2033. Bæjarráð tekur erindið fyrir og felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga og vinna málið áfram eftir þörfum.

5. Undirbúningur þjóðaratkvæðagreiðslu. - 2607005

Undirbúningur þjóðaratkvæðagreiðslu 29. ágúst 2026. Ákvörðun um kjörstað og opnunartíma kjörfundar.

Bæjarráð ákveður að kjörstaður við þjóðaratkvæðagreiðslu 29. ágúst 2026 verði í Ráðhúsi Bolungarvíkur, Aðalstræti 12-14. Kjörstaður verður opinn frá kl. 10:00 til 21:00 á kjördag.

6. Sumarlokun bæjarskrifstofu 2026 - 2607012

Lögð fram tillaga um tímabundna lokun bæjarskrifstofu í tengslum við verslunarmannahelgi. Tillagan tekur mið af sumarleyfum starfsfólks og skipulagi starfseminnar á tímabili þegar almennt er minna álag á afgreiðslu og þjónustu.

Bæjarráð samþykkir að bæjarskrifstofa Bolungarvíkurkaupstaðar verði lokuð dagana 29-31. júlí 2026 vegna sumarleyfa starfsfólks.

7. Spurningar til sveitarfélaga vegna stefnumótunar. - 2607004

Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu þar sem óskað er eftir upplýsingum og sjónarmiðum sveitarfélagsins vegna endurskoðunar stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga.

Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu vegna endurskoðunar stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga. Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna og skila inn umsögn sveitarfélagsins á grundvelli framlagðra spurninga.



14.07.2026

8. Kynningarbréf frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga. - 2607009

Lagt fram kynningarbréf frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga sem óska eftir að kynna kjörnum fulltrúum starfsemi samtakanna og hlutverk þeirra við gæslu hagsmuna sjávarútvegssamfélaga.

Lagt fram kynningarbréf frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga. Bæjarráð tekur erindið til kynningar og vísar einnig til kynningar í hafnarstjórn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.